

Erindisbréf fyrir ungmennaráð Skeiða- og Gnúpverjahrepps

1. kafli

Almenn ákvæði

1. grein

Ungmennaráð er skipað af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps og er því ætlað að vinna að málefnum ungmenna í sveitarfélaginu. Ráðið skal vinna eftir erindisbréfi þessu sem sveitarstjórn hefur staðfest og almenningur skal hafa greiðan aðgang að, skv IV. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og að öðru leyti eftir því sem lög og reglugerðir segja fyrir og sveitarstjórn felur því.

2. grein

Ungmennaráð er skipað fimm fulltrúum sem allir skulu vera aðalmenn. Sveitarstjórn skipar formann ráðsins en að öðru leyti skiptir ráðið með sér verkum. Formaður velur í ráðið í samstarfi við sveitarstjórn. Ekki er fastur ritari ráðsins heldur skiptir ráðið með sér verkum á hverjum fundi. Formaður skal ávallt mæta til fundar og stjórna fundi.

3. grein

Fulltrúar ungmennaráðs eru skipaðir til tveggja ára. Heimilt er að sama ráð sitji tvö tímabil. Æskilegt er að fulltrúi úr fyrra ungmennaráði sitji í seinna ungmennaráði.

4. grein

Hlutverk

Ungmennaráð er ráðgefandi og gerir tillögur til sveitarstjórnar. Sveitarstjórn getur falið ráðinu að afgreiða einstök mál til fulls en ráðið getur ekki tekið bindandi ákvörðun nema með samþykki sveitarstjórnar.

Ungmennaráð skal standa vörð um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu, vera athugult og bregðast við athugasemdum varðandi stjórnkerfi sveitarfélagsins og koma þeim athugasemdum til sveitarstjórnar.

Kafli II

Verkefni

5. grein

Ungmennaráð;

- er sveitarstjórn til ráðgjafar og veitir umsögn um erindi sem tilheyra ungmennaráði
- vinnur í nánú samstarfi við menningar- og æskulýðsnefnd
 - Dæmi um samstarfsverkefni;
 - hátíðarhöld 17. júní
 - Upp í sveit
 - og/eða sambærilegir viðburðir
- sér um að kynna ungmennaráð og starf þess fyrir ungmennum sveitarfélagsins
- vinnur að samstarfi við börn og ungmenni sveitarfélagsins
- vinnur náið með ungmennaráðum nágrannasveitarfélaga
- vinnur með ungmennaráðum af landinu öllu
- vinnur að öðrum verkefnum á landsvísu sem koma inn á borð ráðsins.

6. grein

Ungmennaráð fundar með nemendum Þjósárskóla á sex mánaða fresti þar sem nemendur skólans koma á framfæri skoðun sinni á ýmsum málefnum er varða börn og ungmenni sveitarfélagsins.

Ungmennaráð kemur athugasemdum/skoðunum nemenda af þeim fundi til sveitarstjórnar.

Kafli III

Fundir og starfshættir

7. grein

Boðun funda

Formaður ráðs skal boða til fundar með minnst tveggja daga fyrirvara eins oft og þurfa þykir en ekki sjaldnar en einu sinni á tveggja mánaða fresti og skal formaður stjórna fundi.

Fundurinn telst löglegur ef að minnsta kosti þrír aðalmenn sitja fundinn og til hans er löglega boðað.

Aðrir fulltrúar ráðsins geta boðað til fundar eftir þörfum og telst löglega boðinn fundur ef til hans er boðað með minnst tveggja daga fyrirvara.

Skal formaður greina öllum boðnum meðlimum frá dagskrá fundar að minnsta kosti tveimur dögum fyrir tilsettan fund. Fulltrúar ráðsins geta komið með athugasemdir varðandi fundardagskrá sem formanni ber skylda til að líta yfir og bregðast við.

Þeir sem sitja fundi ungmennaráðs skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál sem kunna að verða rædd á fundum. Þagnarskylda fellur ekki niður þó fulltrúi ráðsins láti af störfum sem slíkur.

8. grein

Ungmennaráð skal funda með sveitarstjórn tvisvar á ári, þar sem ráðinu gefst kostur á að fara yfir verkefni og framhald verkefna. Á þeim fundum skulu liggja fyrir niðurstöður af fundum ráðsins með Þjórsárskóla.

9. grein

Siðareglur

Ungmennaráð fylgir almennum lögum og reglum.

Ungmennaráð hefur fullt vægi innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins og ber fulla virðingu fyrir sínu hlutverki.

Ungmennaráð fylgir sinni sannfæringu í hvívetna og gætir sanngirnis í öllum þeim málum sem það fjallar um.

Ungmennaráð skal vera málefnalegt í umræðum og hlusta á og taka tillit til sjónarmiða og skoðana annarra.

Fulltrúar ungmennaráðs mæta stundvíslega til fundar og vinna samviskusamlega að verkefnum ráðsins.

7. grein

Réttindi og skyldur

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi ungmennaráðs, nema lögmæt forföll liggja fyrir.

Þeir sem sitja fundi ráðsins skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál sem kunna að verða rædd á fundum þess. Þagnarskylda fellur ekki niður þó ráðsmenn láti af störfum sem slíkur.

Um réttindi og skyldur fer að öðru leyti samkvæmt IV. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 49. grein samþykktar Skeiða- og Gnúpverjahrepps um stjórn og fundarsköp nr. 758 frá 2013.

8. grein

Ályktunarhæfi

Ungmennaráð getur ekki gert ályktun nema meirihluti ráðsins sitji fund. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Ráðsmaður getur ekki fjallað um mál er varða hann sjálfan eða nána venslamenn hans svo mjög að ætla megi að afstaða hans mótist að einhverju leyti þar af og skal hann í slíkum tilvikum víkja fyrir varamanni sbr. 47. og 19 grein sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

9. grein

Fundargerðir

Rita skal fundargerð um öll mál sem fjallað er um í ungmennaráði og skulu allir viðstaddir rita nöfn sín undir fundargerðir að fundi loknum.

Með fundargerð fer að öðru leyti samkvæmt 48. grein sveitarstjórnarlaga og 33. grein samþykktar um stjórna- og fundarsköp Skeiða- og Gnúpverjahrepps nr. 758 frá 2013.

Fundargerðarbók, afrit af skýrslum og skjölum, reglugerðir og erindisbréf ungmennaráðs skulu vera tiltæk á öruggum stað.

Formaður skal sjá um að afrit af fundargerðum ráðsins séu send sveitarstjórn til kynningar og/eða til samþykktar að loknum hverjum fundi. Ráðsmenn eiga einnig rétt á að fá afrit af fundargerðum þess. Sveitarstjórn sér til þess að fundargerðir ráðsins séu birtar á heimasíðu sveitarfélagsins.

10. Meðferð mála

Ungmennaráð skal á fundum sínum taka fyrir þau erindi sem því berst. Skal þar fjallað um þau og gera tillögur til afgreiðslu þeirra til sveitarstjórnar nema sveitarstjórn hafi falið henni fullnaðarafgreiðslu málsins sbr. 3. grein þessa erindisbréfs. Þá skal formaður, strax að lokinni afgreiðslu, tilkynna málsaðilum niðurstöður málsins, sé mál þannig vaxið.